



Félagsfundur Foreldrafélags Akurskóla
Haldinn 7. febrúar 2011 á sal Akurskóla

Mættir: Aðalheiður Hanna Björnsdóttir, Ásdís Gottskálksdóttir, Baldur Sæmundsson, Ellen Dóra Erlendsdóttir, Elín Ása Einarsdóttir, Elín Rós Bjarnadóttir, Erla Guðmundsdóttir, Guðmunda Hergeirsdóttir, Guðmundur Þórðarsson, Gunnlaugur Jónsson, Halldóra Hreinsdóttir, Katrín Jóna Ólafsdóttir og Ósk Laufey Óttarsdóttir.

Efni fundarins: Bekkjarstarfið.

1. Erla fór yfir helstu viðburði og styrkveitingar FFA það sem af er þessu skóla ári.
2. Umræður um bekkjarstarf og félagslíf í skólanum.
Misjafnt er milli bekkja sömu árganga, hversu virkir bekkjarfulltrúarnir eru. Það mætti skoða og leggja frekari áherslu á að bekkjarfulltúrar geti virkjað aðra foreldra til skipulagningar bekkjarsamkoma og deila með sér verkum.

Allir fundarmenn voru sammála um að efla þurfi félagslíf í skólanum og sérstaklega hjá eldri nemendum. Eftir lokun Fjörheima og að strætósamgöngur á kvöldin voru lagðar niður, skiptir meira máli en áður að byggja upp félagslíf og aðstöðu í hverfinu. Skoða hvort mögulegt sé að nýta húsnæði skólans seinnipart dags og á kvöldin til þess.

Margar hugmyndir komu fram t.d. að hafa oftari diskótek jafnvel í samstarfi við aðra skóla. Að hafa sjöppu á diskótekum sem gæti verið í umsjón og um leið fjáröflun 10. bekkinga fyrir útskriftarferð þeirra. Það myndi veita unglíngunum hlutverk og ábyrgð.

Skólinn er með „Flott án fíknar“ sem styður við heilbriggt félagslíf unglínginga og er í umsjón námsráðgjafa skólans.

Fyrirkomulag félagslífs í Holtaskóla gæti verið fyrirmynd að uppbyggingu félagslífs í Akurskóla. Þar er opið hús tvisvar sinnum í mánuði fyrir eldri nemendur skólans sem starfsmaður skólans hefur umsjón með.

Athuga með hvaða hætti getur FFA komið að uppbyggingu félagslífs/félagsstarfs nemenda. Að búa til skemmtilegar hefðir í skólanum. Hvort foreldrar eru tilbúnir að leggja fram vinnu við að koma upp klúbbastarfi innan skólans. Þegar opin hús eru að unglíngarnir hafi eitthvað fyrir stafni en ekki bara að hanga saman.

Ánægju lýst með breytingar á rýmum á unglíngastigi með tilkomu sófa og aukins bókakosts. Umhverfið er hlýlegra, unglíngarnir hafa samastað og andrúmsloftið betra. Einnig ánægja með örbylgjuofn og samlokugrill sem FFA gaf skólanum í matsal nemenda.

3. Önnur mál.

Ánægja foreldra og nemenda með Skólamat hefur batnað.

Foreldrar eru sáttir við „500 króna afmæligjafaregluna“ en það þarf að kynna hana betur t.d. á hverju hausti fyrir nýjum foreldrum.

Guðmunda las upp svör lögreglu og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar vegna bréfa FFA um umferðaröryggi í grennd skólans.

Fundi slitið.

Fundarritari: Guðmunda Hergeirsdóttir